

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta telur ríkisstjórnin eitt af „viðreisnar“-frumvörpum sínum, sem bráðnaðsynlegt sé að gera að lögum, áður en þessu þingi lýkur.

Þetta er nýjasta frumvarpið frá hendi ríkisstjórnarinnar. Það er ekki fyrirferðarmikið, en ber sama lit og keim og hin fyrri og stærri. — „Nú er að minnka nytin í Ljómalind minni, enda er hún búin að mjólka lengi og vel,“ sagði konan, „en alltaf er þó sama, góða bragðið að blessuðum dropanum.“

Aðalefni þessa frumvarps er að fjölga bankaráðsmönnum Búnaðarbanka Íslands úr þremur í fimm og heimila bankaráðinu að fjölga bankastjórum við bankann.

Allir vita, að þetta er eingöngu gert til þess, að stjórnarflokkarnir fái meiri hluta í bankaráðinu og geti komið manni eða mönnum frá sér í bankastjórástöður hið fyrsta.

Biðlund hafa flokkarnir ekki til næstu áramóta, en þá rennur út kjörtími formanns bankaráðsins og þá gætu þeir því að óbreyttum lögum búið sér til meiri hluta í bankaráðinu.

Ekki hafa þeir heldur stillingu til að biða þess, að núverandi bankastjóri hætti störfum vegna aldurshámarks embættismanna. Það gæti tekið eitt ár eða svo að biða eftir því.

Nei, búa skal strax til nýtt bankastjóraseti. Sparnaður! Hver var að tala um hann? Sparnaður er hugtak, sem er fjarlægst stjórnarstefnunni og kemur málunum alls ekki við, þegar henni liggur á öðru eins og þessu.

Ekki er grunlaust um, að stjórnarflokkarnir hafi hraðan á i þessu máli af því einnig, að þeir séu ekki öruggir um langlífi stjórnar sinnar. Léleg ástæða er það og engin afsökun, en hins vegar skiljanlegt, að ríkisstjórnin telji sig vera búna að fyrirgera rétti sínum til langlífis.

Enginn leyfir sér að halda því fram, að undir stjórn núverandi bankastjóra hafi menn orðið fyrir hlutdrægni í viðskiptum og þess vegna sé þörf að fjölga bankastjórum.

Engin gild ástæða hefur verið færð fram fyrir því, að aðkallandi sé að fjölga bankastjórum við Búnaðarbankann.

Í framsöguræðu fyrir frumvarpinu lét landbúnaðarráðherra í það skína, að fjölgun í bankaráði og fjölgun bankastjóra við bankann ætti að tryggja bankanum meiri umhyggju af hálfu Alþingis og stjórnarvalda en verið hefði. Þetta hljómaði illa af vörum ráðherra úr Sjálfstæðisflokknum, sem fellt hefur fyrir framsóknarmönnum tillögur um sjálfsagðan stuðning við bankann. Búnaðarbankann mundi ekki vanta umhyggju á Alþingi, ef Sjálfstæðisflokkurinn vildi fylgja Framsóknarflokknum að málum, er varða bankann.

Allra athugaverðast við frumvarpið tel ég þó það, að samkv. því á að afnema þá reglu, að landbúnaðarnefndir Alþingis kjósi meiri hluta bankaráðsins. Eru með því fjarlægð áhrif landbúnaðarmanna á stjórn bankans, en það er óheppilegt og rangt gagnvart bændastéttinni, af því að hann er hennar banki, þótt ríkið annist hann og beri ábyrgð á honum.

Ég er andvígur frumvarpinu í heild og legg til sem fjárhagsnefndarmaður, að efri deild felli það. Hins vegar veit ég af reynslunni á þessu þingi, að ríkisstjórnin mun láta sitt hlýðna lið samþykkja frumvarpið, hversu fast sem á móti er mælt. Hér ræður tala uppréttra handa úrslitum.

En freista vil ég þess samt að höfða til sanngirni manna og réttsýni í garð bændastéttarinnar og bera fram á sérstöku þingskjali breytingartillögu, sem engum þingmanni ætti að vera mikil þoranraun að samþykkja. Hún er um það, að einn af þeim fimm bankaráðsmönnum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, skuli kosinn af stjórn Stéttarsambands bænda.

Ég vil ekki trúá því að óreyndu, að nægilega margir þingmenn fáist ekki til að unna bændastéttinni þess réttlætis að hafa einn þannig kjörinn fulltrúa í stjórn banka síns.

Alþingi, 25. maí 1960.

Karl Kristjánsson.